

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
bt. Hildar Edwald nefndarritara  
Skrifstofu Alþingis, nefndasviði  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Dags. 05.01.2022  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2022-0028  
0.5.2

Með erindi dags. 17. desember sl. óskaði Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, 167. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan fagnar breytingum á Stjórnarráði Íslands eins og lagt er upp með í tillögunni. Sérstaklega að því sem lýtur að starfsumhverfi og verkefnum Veðurstofu Íslands, en undir nýju ráðuneyti er lögð rík áhersla á loftslagsmál og samspil þeirra við umhverfis- og orkumál. Veðurstofan hefur í auknum mæli lagt áherslu á loftslagsmálefni og þá sérstaklega þegar kemur að aðlögun samfélagsins að afleiðingum loftslagsbreytinga, en einnig á tengsl endurnýjanlegrar orku og aðgerða í loftslagsmálum. Þannig hefur Veðurstofan m.a. unnið náið með orkugeiranum að sviðsmyndagerð fyrir þróun endurnýjanlegra orkugjafa í ljósi loftslagssviðsmynda IPCC, sérstaklega vatnsafls, en einnig líforku og vindorku. Þar má m.a. nefna gerð sviðsmynda fyrir þróun jökla í kjölfar hlýnandi loftslags og gerð vindatlass fyrir landið allt. Sú skipan sem nú er lögð fram mun styrkja þessa samþættingu verulega. Einnig er vert að draga fram tengsl loftslagsbreytinga og náttúruvár sem mun styrkjast mjög með aukinni áherslu á loftslagsmálefni og þá sérstaklega aðlögun að breyttri framtíð.

Veðurstofan fagnar einnig aukinni áherslu á rannsóknir og nýsköpun enda forsenda skynsamlegrar áhættustýringar samfélagsins inn í nýjar áskoranir loftslagsbreytinga og áhrifa þeirra á náttúru og samfélag.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
forstjóri VÍ